

L Ö G

2

27. mars

um

breytingu á lögum nr. 19, 4. júní 1924, um nauðasamninga.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Um nauðasamningagerð milli Sparisjóðs Árnessýslu og lánardrotna hans skulu þessar sjerreglur gilda:

1. Ef innstæðueigandi er í skuld við sjóðinn, hvort sem sú skuld er stofnuð af honum sjálfum eða hún fellur á hann fyrir ábyrgð við sjóðinn, þá er hluti af innstæðu hans, eða innstæðan öll að því leyti sem hún hrekkur til, gild borgun upp í slíka skuld, að frádregnum sama hundraðshluta sem almennir lánardrottnar verða að þola til niðurfærslu á sínum kröfum. Sparisjóðurinn er ekki skyldur til að taka sem gilda borgun upp í slíka skuld við sjóðinn inneignir annara manna í sjóðnum að meira en $\frac{1}{4}$ á ári og að frádregnum sama hundraðshluta sem áður segir.

Sjóðurinn verður ekki krafinn um þann hundraðshluta, sem dreginn er frá gagnkröfum samkvæmt framanskráðu.

2. Rjettur eigandi sparisjóðsbókar er sá, sem samkvæmt bókum sjóðsins er talinn eigandi hennar 1. okt. 1924.
3. Frumvarp að nauðasamningi skal telja löglega samþykkt að tölu lánardrottna til, ef einfaldur meiri hluti atkvæðismanna, er fund sækja (sbr. 3. málsgr. 37. gr. laga nr. 19, 4. júní 1924), greiða því atkvæði, án tillits til þess, hversu margir hafa lýst kröfum á hendur sjóðnum.
4. Tilkynning samkvæmt 4. málsgr. 37. gr. nauðasamningalaganna skal talin nægileg, ef alment brjef til lánardrottins er afhent í póstin á staðnum.
5. Skiftaráðanda er heimilt að setja á kostnað sjóðsins framkvæmdarstjóra fyrir hann, er stjórni sjóðnum undir umsjá skiftaráðanda, meðan á nauðasamningagerð stendur.

2
27. mars

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 27. mars 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.

3
27. mars

L Ö G

um

breyting á póstlögum 7. maí 1921.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað „á öðru“ í 2. gr. d. komi: eftir ráðstöfun póststjórnarinnar.

Á eftir liðnum e. komi nýr liður: f. Póstinnheimtum.

Í stað „f.“ komi: g.

Framan við 3. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í bæjum, þar sem komið hefir verið á fót daglegum útburði póstbrjefa, má enginn reka það sem atvinnu að safna saman, flytja eða bera út brjefasendingar (2. gr. a.).

d-liður 11. gr. orðist svo:

Fyrir póstávísanir:

12 kr. eða minni upphæð 15 aur.

yfir 12 kr. alt að 25 kr. 30 —

yfir 25 kr. alt að 100 kr. 60 —

og 20 aur. fyrir hverjar 100 kr. eða minni upphæð af því sem fram yfir er.